

## **ENDURNÝJUN STARFSLEYFIS SEMENTSVERKSMIÐJUNNAR Á AKRANESI**

### **Ákvörðun um matsskyldu**

#### **NIÐURSTAÐA**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurnýjun á starfsleyfi og auknar framleiðsluheimildir Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Fram hefur komið að Akraneskaupstaður og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hafa gert athugasemdir við drög að nýju starfsleyfi sem er til umfjöllunar hjá Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun telur að þar sé að finna margvíslegar faglegar ábendingar sem brýnt er að Umhverfisstofnun taki mið af áður en nýtt starfsleyfi verði gefið út.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Sementsverksmiðjunnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Sementsverksmiðjunnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin framleiðsla Sementsverksmiðjunnar sé ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sementsverksmiðjan og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. desember 2008.

## INNGANGUR

Þann 2. október 2008 tilkynnti Sementsverksmiðjan hf. á Akranesi um heimild til aukinnar framleiðslu við endurnýjun starfsleyfis verksmiðjunnar til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akraneskaupstaðar, Brunamálastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins.

Umsagnir bárust frá Akraneskaupstað með bréfi dags. 21. október 2008, Brunamálastofnun með bréfi dags. 12. nóvember 2008, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 27. október 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. október 2008 og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 30. október 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Sementsverksmiðjunni með bréfi dags. 4. nóvember 2008.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í drögum að nýju starfsleyfi fyrir Sementsverksmiðjuna er leyfileg framleiðsla verksmiðjunnar lítilllega aukin frá eldra starfsleyfi. Gert er ráð fyrir að framleiðsluheimild fyrir sementsgjall hækki úr 125.000 í 160.000 tonn, sement úr 240.000 í 250.000 tonn og koladuft úr 25.000 í 32.000 tonn. Jafnframt gera starfsleyfisdrögin ráð fyrir því að verksmiðjan fái heimild til að forvinna 25.000 tonn af eldsneyti, sem unnið er úr föstum, flokkuðum, orkuríkum úrgangi til brennslu í gjallofni verksmiðjunnar. Verksmiðjan hefur samkvæmt eldra starfsleyfi heimild til að brenna föstum úrgangi þannig að ekki er verið að víkka þær heimildir sem verksmiðjan hefur nú þegar til að nýta efni sem eldsneyti á gjallofn.

Fram kemur að auknar framleiðsluheimildir fela ekki í sér stækkun á verksmiðjunni. Engin ný mannvirki eru fyrirhuguð á svæðinu vegna þessa og ekki er þörf breytinga á skipulagi. Þau auknu afköst sem starfsleyfið gerir ráð fyrir verða vegna endurnýjunar og endurbóta á hluta af búnaði verksmiðjunnar þegar og ef í slíkt verður ráðist. Afkastageta ofns Sementsverksmiðjunnar eykst verði hreinsibúnaður, loftblásari og ofnmótor verksmiðjunnar endurnýjaður á gildistíma nýs starfsleyfis.

**Brennsla í gjallofni.** Í nügildandi starfsleyfi kemur fram að Sementsverksmiðjunni sé heimilt að nýta sem eldsneyti „fastan úrgang með nettóvarmagildi a.m.k. 30 MJ/kg, sem ekki telst spilliefni, enda uppfylli verksmiðjan ákvæði reglugerðar um brennslu slíkra úrgangsefna“. Í stað þessa ákvæðis um fastan úrgang er í drögum að nýju starfsleyfi ákvæði, um það efni sem rekstraraðila er heimilt að nýta sem eldsneyti á gjallofn verksmiðjunnar enda uppfylli þau ákvæði um gæði eldsneytis:

- Kurlað timbur og viðarúrgang (einkum frá byggingarvinnu).
- Eldsneyti sem er unnið úr úrgangi og uppfyllir gæðakröfur innan EES og íslensk lög og reglugerðir.
- Beinamjöl og/eða kjötmjöl og annan lífrænan úrgang að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar.

Önnur ákvæði um efni sem heimilt er að brenna í gjallofni eru óbreytt. Í eldra starfsleyfi verksmiðjunnar eru heimildir til eyðingar úrgangs, sem einnig er að finna í í drögum að nýju starfsleyfi verksmiðjunnar, með þeirri breytingu að þar bætist við heimild til að eyða föstum úrgangi, sem nú er tilgreindur og ekki uppfyllir staðla um eldsneyti. Breytingin felst þannig í því að verið er að herða reglur um þau efni sem

nýtt eru til brennslu í ofni verksmiðjunnar, með þeim hætti að sumt af því sem áður var flokkað sem eldsneyti telst nú úrgangur.

**Mengunarmörk.** Í drögum að nýju starfsleyfi er gert ráð fyrir hertum kröfum um útblástur. Ryk í útblæstri verður nokkrum minna en í eldra leyfi. Má sem dæmi nefna að í stað þess að styrkur ryks í útblæstri frá gjallbrennsluofni má samkvæmt eldra leyfi vera  $100 \text{ mg/Nm}^3$  miðað við venjulegan súrefnisstyrk, en í nýju drögnum er gert ráð fyrir að styrkur ryks í útblæstri sé að hámarki  $50 \text{ mg/Nm}^3$  miðað við 10% súrefnisinnihald, sem jafngildir um  $80 \text{ mg/Nm}^3$  miðað við venjulegan súrefnisstyrk. Við sambrennslu, þ.e. brennslu eldsneytis og úrgangs, er gert ráð fyrir hámarkinu  $30 \text{ mg/Nm}^3$  miðað við 10% súrefnisinnihald. Sementsverksmiðjan mun ekki geta uppfyllt kröfur um  $30 \text{ mg/Nm}^3$  fyrr en endurnýjun hreinsibúnaðar hefur átt sér stað og því er ljóst að ekki verður af sambrennslu skv. grein 2.7 fyrr en hreinsibúnaður hefur verið endurnýjaður. Stefnt er að því af hálfu verksmiðjunnar að endurnýja búnaðinn innan einhverra ára.

Fram kemur að þegar afköst Sementsverksmiðjunnar aukast þá mun útblástur gróðurhúsalofttegunda, þ.e. koldíoxíðs aukast að sama skapi nema einhverjar ráðstafanir verði gerðar. Þá þarf verksmiðjan annað hvort að afla sér kvóta til losunar gróðurhúsalofttegunda eða að nota endurnýjanlegt eldsneyti (eins og timbur), eða nota eldsneyti sem á annan hátt er ekki bókfært sem koldíoxíðlosun hjá fyrirtækinu eins og ýmiss konar orkuríkur úrgangur sem nýta má sem eldsneyti samkvæmt nýjum stöðlum og tilskipunum ESB. Ef koldíoxíðlosun skiptist jafnt á milli iðnaðarferilsins og eldsneytisbrennslunnar og er samtals 200 einingar þegar losun vegna framleiðslunnar eykst úr 100 í 130, þá eykst losun vegna eldsneytis sömuleiðis úr 100 í 130. Ef 50% losunar vegna eldsneytisbrennslu kemur úr koldíoxíðhlutlausu eldsneyti þá verður nettó koldíoxíðlosun  $130+65=195$  einingar eða svipuð og jafnvel minni en fyrir framleiðsluaukninguna.

**Staðsetning Sementsverksmiðjunnar.** Í greinargerð Sementsverksmiðjunnar kemur fram að verksmiðjan hafi starfað á Akranesi í 50 ár. Eigendur og stjórnendur verksmiðjunnar geri sér grein fyrir viðkvæmri staðsetningu fyrirtækisins í þéttbýlinu á Akranesi. Vegna þessa var strax ákveðið að flokka og forvinna eldsneytið utan Akraness og flytja síðan efnið í lokuðum bílum að verksmiðjunni þar sem tekið er á móti eldsneytinu í lokuðum kerfum. Slík forvinnsla eldsneytis fer nú þegar fram hjá aðilum eins og Gámaþjónustunni og hefur Sementsverksmiðjan í hyggju að kaupa þjónustu frá einhverjum slíkum aðila. Starfsemi er algjörlega sambærileg við þá aðferð sem notast hefur verið við vegna brennslu kola, en þau hafa verið flutt frá Grundartanga að verksmiðjunni með sambærilegum hætti. Umferð til Akraness vegna eldsneytisflutninga er lítil (2 – 3 bílar á sólarhring) og breytist ekki þar sem nýtt eldsneyti kemur í stað kola. Mengun vegna breyttrar eldsneytisnotkunar hjá fyrirtækinu minnkar með nýju starfsleyfi. Ónæði fyrir íbúa Akraness vegna starfsemi Sementsverksmiðjunnar verður óbreytt.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Brunamálastofnun tekur ekki afstöðu til matsskyldu vegna endurnýjun starfsleyfis Sementsverksmiðjunnar. Vinnueftirlit ríkisins gerir ekki athugasemdir við endurnýjun starfsleyfisins. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að Sementsverksmiðjan hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Akraneskaupstaður og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands vekja athygli Skipulagsstofnunar á þeim athugasemdum sem þau gerðu við starfsleyfisdrögin á auglýsingartíma þess.

**Eldvarnir og brunahönnun.** Í umsögn Brunamálastofnunar kemur fram að mikilvægt sé að gerð verði brunahönnun eða áhættumat á þeirri vinnslu og geymslu eldsneytis sem starfsleyfi tekur til, þar með talinn kolabingur sem geymdur er við Grundartangahöfn, með það fyrir augum að draga úr líkum á því að eldur geti kviknað. Mikilvægt er að takmarka magn eldsneytis í geymslu á hverjum stað við þær brunavarnir sem eru á staðnum þannig að unnt sé að slökkva mögulegan eld innan fyrirfram ákveðins tíma. Minnt er á að bruni á geymslusvæði Hringrásar í Reykjavík fyrir fáum árum varð við hliðstæðar aðstæður og hafði hann í för með sér mikla mengun í lofti og sjó. Ljóst er að gera þarf vandaða brunahönnun, með tilheyrandi áhættugreiningu af þessum hluta starfseminnar. Eðlilegt má telja að slíkt yrði skilyrt í leyfum fyrir verksmiðjunni.

Í svörum Sementsverksmiðjunnar kemur fram að forunnið eldsneyti verði flutt í lokuðum bílum að verksmiðjunni þar sem tekið sé á móti því í lokuðum kerfum. Eldsneytið er búið undir brennslu með forhitun, hökkun og blöndun sem er sambærilegt og gert er við kol. Framkvæmdaraðili telur að þær breytingar sem gerðar verði á verksmiðjunni feli ekki í sér neinar þær breytingar sem auki eldhættu með þeim hætti að kalli á ráðstafanir umfram þær sem gripið hefur verið til. Í raun stafi minni eldhætta af þessu eldsneyti en kolum.

**Áhrif á loftgæði.** Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að hreinsibúnaður verksmiðjunnar nái ekki að hreinsa ryk frá sambrennslu niður fyrir áætluð mörk í nýju starfsleyfi.

Í svörum Sementsverksmiðjunnar kemur fram að fyrirtækið muni ekki stunda sambrennslu úrgangs og eldsneytis fyrr en viðeigandi hreinsibúnaði hafi verið komið fyrir.

**Geymsla á föstum flokkuðum úrgangi.** Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að hvergi komi fram hvar fyrirtækið muni geyma þau 500 tonn af forunnum föstum úrgangi sem heimilt verði að geyma á staðnum.

Í svörum Sementsverksmiðjunnar kemur fram að 500 tonn séu u.þ.b. vikubirgðir af eldsneyti úr úrgangi sem nauðsynlegt sé talið að hafa á staðnum til að tryggja rekstraröryggi sem og til að minnka álag vegna flutninga um helgar og á stórhátíðum. Eldsneytið verður geymt í gámum.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða heimild til aukinnar framleiðslu Sementsverksmiðjunnar hf. á Akranesi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fram hefur komið að Akraneskaupstaður og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hafa gert athugasemdir við drög að nýju starfsleyfi sem er til umfjöllunar hjá Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun telur að þar sé að finna margvíslegar faglegar ábendingar sem brýnt er að Umhverfisstofnun taki mið af áður en nýtt starfsleyfi verði gefið út.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Sementsverksmiðjunnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Sementsverksmiðjunnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin framleiðsla Sementsverksmiðjunnar sé ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Sementsverksmiðjan og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. desember 2008.

